

Fundarstaður Flóaskóli
Fundardagur 13.08.2009.
Fundartími 20:00 – 23:10 .
Fundarmenn: Elín Höskuldsdóttir formaður
 Steindór Guðmundsson ritari
 Stefanía Geirsdóttir
 Alma Anna Oddsdóttir
 Anna Fía Ólafsdóttir
 Áheyrnarfulltrúar
 Kristín Sigurðardóttir skólastjóri Flóaskóla
 Karen Viðarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri krakkaborgar
 Hulda Kristjánsdóttir fulltrúi starfsmanna Flóaskóla
 Elín Karlsdóttir fulltrúi foreldra Flóaskóla

Elín Höskuldsdóttir setti fundinn.

1. Erindsbréf fyrir skólastjórnendur Flóaskóla.

Fræðslunefnd leggur fram til samþykktar erindsbréf fyrir skólastjórnendur Flóaskóla.

2. Reglur um innritun í grunnskóla Flóahrepps.

Fræðslunefnd leggur fram til samþykktar reglur um innritun í grunnskóla Flóahrepps.

3. Skólaganga Flóaskóla.

Skólaganga Flóaskóla 2009-2010 lögð fram til staðfestingar. Fræðslunefnd staðfestir hana.

4. Krakkaborg.

Karen kynnti stöðu starfsmannamála innan Krakkaborgar.

Einnig kynnti Karen breytingar á húsnæði m.a. breytingar á fatahengi og málun innanhúss.

Fyrirhugað er að tveir leikskólakennarar fari á ART námskeið fljótlega.

Breytt dagskipulag innan skólans m.a. breytingar á kaffitímum.

Vinna er hafin við viðbragðsáætlun –gátlista fyrir skóla við Krakkaborg sem verður tilbúinn 1.september.

Launalaus leyfi starfsmanna voru til umræðu og afleysingar vegna þeirra.

5. Flóaskóli.

Staða starfsmannamála innan skólans kynnt. Starfsmenn hafa verið á námskeiðum

Kristín lagði fram beiðni um að ráða skólaliða/stuðningsfulltrúa í 50% starf m.a. til að sinna ræstingu í Skólatúni og gæslu í frímínútum og í hádegi 5 daga vikunnar. Fræðslunefnd leggur til að það verði samþykkt þar sem það rúmast innan fjárhagsáætlunar og hefur í för með sér hagræðingu í starfi skólans. Stundaskrár fyrir skólarárið 2009-2010 kynntar. Samkenntla og fyrirkomulag kennslu.

Nýjungar í skólastarfinu vegna nýs 8. bekkjar.

Almenn atriði varðandi skólabyrjun.

Beiðni um skólavistun fyrir nemanda með lögheimili utan sveitarfélags sem samþykkt var í júní af sveitarstjórn hefur verið dregin til baka.

Gjaldskrá skólavistunar til umræðu.

6. Önnur mál.

Aðalbók fyrir Flóaskóla og Krakkaborg yfirfarin.

Reglur og reglugerðir um skólaakstur í grunnskóla, um starfsumhverfi leikskóla, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitastjórna um skólahlald lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 23:10


 Elín Karlsdóttir
 Hulda Kristjánsdóttir
 Anna Fía Ólafsdóttir
 Stefanía Geirsdóttir
 Karen Viðarsdóttir